

DÆGURTÓNLIST

Nýtt vín á gömlum belgjum?

Pelican upprisnir

PELICAN var vinsælasta rokksveit landsins á árum áður, en lagði upp laupana nánast á toppnum af ýmsum sökum. Menn tvístruðust hver í sína áttina og fjarlægðust smám saman þó vinkapurinn héldi. Síðustu ár hefur áhugi á rokki sjöunda og áttunda áratugarins aukist til muna hér á landi og því vart undurnarefni að þeir félagar í Pelican skyldu taka upp þráðinn að nýju, sérstaklega í ljósi fyrra samstarfs og vináttu í gegnum árin.

Pelican skipaðu á sínum tíma Pétur W. Kristjánsson söngvari, Björgvin Gíslason og Ómar Óskarsson gítarleikarar, Jón Ólafsson bassaleikari og Ásgeir Óskarsson trommu-leikari. Flestir hafa þeir félagar fengist við



eftir Arnar Matthísson

undanförnum árum, þó Ómars Óskarsson hafi lagt gítarinn á hilluna og Pétur fengist við að gefa út tónlist frekar en að syngja sjálfur. Pétur segir reyndar að hugmyndin að því að endurreisa Pelican hafi kviknað í sambandi við langþráðan draum hans um að gera sólóskífu. „Við vorum

komnir saman vegna Pops og þá fór ég að ræða sólóskífuna. Okkur fannst það þó strax spennandi að endurvekja Pelican, gera plötu og spila saman í sumar.“ Pétur sagði að þeir félagar hefði snemma leitað til Guðmundar Jónssonar forðum Sálargítarleikara að vera fimmti maður, því ljóst var að Ómar yrði ekki með. Guðmundur hefði strax tekið vel í hugmyndina, bæði hefði hann átt lög sem hann langaði að koma út og svo leist honum vel á að vera ekki að binda sig í lengri tíma en fram í september.

Fyrsta breiðskífa Pelican í áraráðir er væntanleg á næstu dögum, en Pétur segir að sú plata sé öllu þyngrri en Pelican hafi verið á sínum tíma og þess megi sjá stað á sveitinni á tónleikum í



sumar. „Þó Björgvin sé vel liðtækur á hljómborð ákváðum við strax að sleppa öllu slíku, þannig að það verður keyrt á gíturum í sumar.“ Pétur segir þá féлага hafa

úr nógu að velja þegar sett er saman tónleikadagskrá og í bland við lög af plötunni nýju, verði grúi sem allir þekkja frá því Pelican var á toppnum.

Endurreisn Pelican annó 1993; Ásgeir Óskarsson, Jón Ólafsson, Björgvin Gíslason, Pétur Kristjánsson og Guðmundur „Sáli“ Jónsson.